

# Trúðar og sögur heyrnarlausra á fjöllum Þjóðleikhússins í Namibíu



Einn þáttur táknaálsverkefnis ÞSSÍ í Namibíu er stuðningur við menningu heyrnarlausra og starf sem miðar að aukinni meðvitund fólks um táknaál sem sérstakt tungumál. „Döff“ leikhús er tiltekið menningarform þar sem heyrnarlausir og heyrandi leikendur starfa hlið við hlið og setja á svið tvítýngd leikverk ætluð heyrandi og heyrnarlausum áhorfendum. Í febrúar heimsóttu þrír meðlimir Draumasmiðjunnar frá Íslandi, ásamt túlki, Namibíu með það fyrir augum að vinna með namibískum leiklistarnemendum

og heyrnarlausum, að uppsetningu leikverks í Þjóðleikhúsinu í Namibíu.

## Miðla og byggja upp eigin menningu

Meginmarkmið þessa starfs frá sjónarhóli ÞSSÍ var að bæta getu heyrnarlausra til byggja upp eigin menningu og miðla henni, jafnhliða því að stuðla að vitundarvakningu um menningu og stöðu heyrnarlausra í Namibíu. Þannig var hugmyndin að veita áhorfendum innsýn í heim og menningu heyrnarlausra og stuðla að auknum tengslum milli heyrandi og heyrnarlausra með því að tengja táknaálið og hið talaða mál á leiksviðinu. Samstarfsaðilar ÞSSÍ í þessu verkefni, auk Draumasmiðjunnar, voru leiklistardeild Listaskólans í Windhoek og Þjóðleikhúsið í Namibíu.

Íslenska leikhúsfólkið frá Draumasmiðjunni, þau Elsa Björnsdóttir og Jan Fiurasek, sem bæði eru „Döff“, ásamt Margréti Pétursdóttir og Árnýju Guðmundsdóttur túlki, vann í 3 vikur með 9 heyrandi og 8 heyrnarlausum leikurum. Flestir þeirra heyrnarlausu voru að stíga sín fyrstu skref á sviði, en hinir heyrandi voru leiklistanemar við Listaskólann hér í Windhoek. Hér var því um mjög ólíka einstaklinga að ræða bæði hvað varðaði samskiptaleiðir og grundvallarkunnáttu í leikhúsi. Íslenska hópnum var ljóst að mikil vinna var framundan, þar sem kynna þurfti undirstöðuatriði „Döff“ leikhúss, þússa saman hópinn og finna hentugar samskiptaleiðir, útfæra og aðlaga leikrit Draumasmiðjunnar að veruleika heyrnarlausra í Namibíu, ásamt því að æfa verkin og gera þau klár til sýninga fyrir almenning í Namibíu.

Fyrir íslenska leikhúsfólkið var þetta ný reynsla, eins og Elsa Björnsdóttir lýsir: „Þau sem heyrðu höfðu fæst hitt heyrnarlausu manneskju áður og kunnu ekkert í táknaáli. Viðhorf þeirra til hinna heyrnarlausu voru byggð á því almenna viðhorfi tengdri fáfræði að heyrnarlausir gætu ekkert og væru heimsk, að táknaál væri jafnvel ekki náttúrulegt mál heldur bara bendingar og einstaka teikningar í loftinu. Það kom einnig vel fram fyrstu daganna á námskeiðinu í leiklistarskólanum



hversu litla þekkingu hin heyrandi höfðu á menningarheimi heyrnarlausra og tungumáli. Við sáum strax að nauðsynlegt væri að veita þessum hópum fræðslu til jafns á við

leiklistarkennsluna til að ryðja úr vegi öllu sem gæti hamlað því að þau næðu saman sem hópur. Fræðslan gekk út á það að skipta þeim heyrnarlausu og heyrandi upp og markvisst fræða þau í sitt hvoru lagi um ólík atriði leikhúss, menningar heyrnarlausra og táknmáls.”

Árangurinn af þessu starfi í byrjun var þrjúþættur að mati Elsu. „Í fyrsta lagi byggðist upp mikið sjálfstraust hjá þeim heyrnarlausu, í öðru lagi sá hópurinn að samvinna var vel möguleg þrátt fyrir að samskiptin væru á tveim tungumálum og í þriðja lagi sáu hinir heyrandi að hinir heyrnarlausu gátu vel leyst þau verkefni sem fyrir þau voru lögð, alveg til jafns við þau sjálf.“ Eftir þessa grunnvinnu við að hrista hópinn saman, tengja ólíka menningarheima og samskiptform voru tveir vinnuhópur myndaðir og fengu þeir sitt hvort verkefnið til uppfærslu, leikritið *Bring on the Clowns* sem ætlað var til sýninga fyrir börn, og *Deaf Stories* sem ætlað var eldri aldurshópum.



*Bring on the Clowns* var alls sýnt 8 sinnum í Þjóðleikhúsi Namibíu, og var skólabörnum frá Windhoek og nágrenni boðið á sýningarnar. Í sýningunni kenndu trúðarnir börnum stafrófið á táknmáli, með tilheyrandi sprelli og látum. Alls sáu nærri 2700 börn sýninguna og oft var mikið fjör í leikhúsinu þar sem sýningin var gagnvirk og byggði á virkri þátttöku áhorfanda í sal. Skólarnir lýstu yfir mikilli ánægju með framtakið og nefna má að mikill fjöldi þeirra skólabarna sem boðið var á sýningarnar var að koma í leikhús í fyrsta

sinn á ævinni. Á sérstakri boðsýningu fyrir heyrnarlaus og munaðarlaus börn hafði móðir einnar lítillar heyrnarlausrar stúlku á orði að þessi reynsla hefði opnað augu sín fyrir nýjum heimi. Þarna hefði hún hitt heyrnarlosa nemendur, fullorðið heyrnarlost fólk og leikara, litla heyrnarlosa stúlkan hennar væri þá ekki ein í heiminum eftir allt saman.

*Deaf Stories* var sett á svið tvisvar sinnum á litla sviði Þjóðleikhússins og alls sóttu nærri 200 manns sýningarnar. Mjög góður rómur var gerður að sýningunni þar sem heyrandi og heyrnarlausir sögðu suttar sögur úr lífi og aðstæðum heyrnarlausra í Namibíu. Leikararnir hrifu fólk með sér í tilfinningaþrungum sögum, sem sagðar voru jafnhliða á namibísku táknmáli og ensku. Sögurnar endurspegluðu harðan veruleika heyrnarlausra hér í Namibíu en þó var oft stutt í kímnina og broslegri hliðar tilverunnar. Sabino Hermenteiro, einn heyrnarlausu þátttakendanna í sýningunni sagði að þessi reynsla hefði gefið sér mikið, hann hefði geta staðið á sviði og talað táknmál eins og ekkert væri sjálfsgaðara, samvinna hans við heyrandi leikara á sviðinu gerði það að verkum að heyrandi áhorfendur gátu skilið tjáningu hans. Þátttaka hans í leiklistarstarfinu hefur einnig



gefið honum margar hugmyndir um notkun tákna og tengsl við listsköpun sem hann hefur mikinn áhuga á að fylgja eftir.

## Gargað af gleði og innlifun

Í upphafi starfsins má segja að íslenska leikhúsfólkinu hafi fundist markmiðin nokkuð fjarlæg og sýnt var að krefjandi verkefni var framundan, en árangurinn var sannarlega framar björtustu vonum eins og Elsa bendir á: „Við vissum einfaldlega ekki við hverju við ættum að búast við af ókunnugum nemendum í ókunnugu landi með enga reynslu af „Döff“ leikhúsi og því gerðum við okkur hæfilegar væntingar í byrjun. Árangurinn kom okkur hins vegar verulega á óvart því okkur hefði aldrei órað fyrir að 2700 skólabörn myndu garga af gleði og innlifun á *Bring on the Clowns* sýningunni, né að fólk myndi hreinlega tárast, hlæja og skemmta sér á *Deaf stories*. Fólk kom til okkar eftir sýningar á *Deaf stories* og dásamaði sýninguna og taldi sig skilja menningarheim heyrnarlausra svo miklu betur eftir að hafa séð hana.“

Davíð Bjarnason verkefnastjóri félagslegra verkefna ÞSSÍ í Namibíu segir að hér hafi verið um nokkurt nýnæmi að ræða þar sem leikhústarf sé öllu jafna ekki hluti af hefðbundinni nálgun innan þróunarsamvinnu.

„Samstarfsaðilar okkar hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra á Íslandi lögðu hins vegar mikla áherslu á það við skipulag tákna- og verkefnisins í upphafi að stutt yrði við menningarstarf heyrnarlausra með beinum hætti þar sem slíkt gegndi lykilhlutverki við styrkingu sjálfmyndar þeirra og sýnileika innan samfélagsins. Það sé nú ljóst að tekist hafist með eindæmum vel til og þau fræ sem sáð hafi verið með þessu starfi muni spíra áfram. Leiklistardeild Listaskólans hefur fullan hug á því að styðja við „Döff“ leikhús í framtíðinni. Nú þegar sé leikhópurinn með áætlanir um að sýna verkin í sveitahéruðum Namibíu, og vekja þannig athygli á málefnum heyrnarlausra víðar í landinu með þessum áhugaverða hætti. Það var einstaklega gaman að vinna með leikhúsfólkinu frá Draumasmíðjunni og ný reynsla fyrir okkur hér, þau unnu afskaplega gott starf á þessum stutta tíma.“



Elsa metur það einnig þannig að framhald verði á „Döff“ leiklistarstarfssemi í Namibíu og hún telur að þátttakendur í verkefninu komi til með að geta byggt á þessari vinnu í framtíðinni. „Þeir hafa breytt viðhorf til heyrnarlausra og heyrandi, þeir hafa breytt viðhorf til síns sjálfs og getu sinnar og hafa þroskast ótrúlega mikið sem persónur á ekki lengri tíma. Margir af þeim heyrandi voru í

lokin farin að velta fyrir sér þeim möguleika að læra meira tákna og starfa svo t.d. sem ráðgjafar, kennarar og stofna eigið Döffleikhús svo fátt eitt sé nefnt.“, segir Elsa. Í lokin má nefna það sem kannski er mikilvægast í þessu sambandi, „þau heyrnarlausu fóru að leyfa sér að dreyma um að allt væri hægt og að þau þyrftu bara svolitla trú á sjálfa sig og kannski smá utanað komandi aðstoð til að láta draumanna rætast,“ segir Elsa að lokum.